

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 23. apríl 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-13/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa varðandi kaup hans á ísskáp hjá Y. Álitsbeiðandi segir að bilun í ísskápnum hafi valdið sér tjóni sem nemi kr. 19.263 og krefst þess að seljandi greiði sér þá fjárhæð.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. mars, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau nefndinni 18. s.m. Með bréfi, dags. 27. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og gefinn frestur til þess til 10. apríl sl. Athugasemdir bárust ekki frá álitsbeiðanda. Með bréfi, dags. 14. apríl, voru aðilar beðnir um frekari upplýsingar og fengu þeir frest til þess að skila þeim til 21. apríl. Upplýsingar frá álitsbeiðanda bárust nefndinni 18. apríl. Upplýsingar frá seljanda bárust 22. apríl. Með bréfi, dags. 22. apríl sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst nýverið hafa keypt ísskáp hjá Y en hann býi í nýrri íbúð í Reykjavík. Í stórviðri, rigningu og roki, sem verið hafi fyrir skemmstu hafi allt rafmagn farið af íbúðinni og lekaleiðarinn alltaf slegið út. Íbúðin sé á efstu hæð hússins og kveðst álitsbeiðandi hafa haldið að einhver leki hafi komið frá þakinu í dósir í lofti eða útiljós. Hann hafi athugað hverju sætti og komist að því að einhverju í eldhúsinu væri um að kenna og prófað að taka úr sambandi öll rafmagnstæki í eldhúsinu að því er hann haldi nema ísskápinn. Töluvert mál sé að ná skápnum fram þar sem hann sé á annað hundrað kíló að þyngd og sér hafi ekki dottið í hug að hann bilaði þótt veður væri hið versta. Álitsbeiðandi segist hafa haft samband við fyrirtækið Z sem sjái um rafmagnið í blokkinni og hafi maður frá þeim verið tvo tíma að komast að því að útlátturinn stafaði frá ísskápnum.

Álitsbeiðandi segist hafa haft samband við Y og hafi komið maður frá fyrirtækinu til að gera við ísskápinn. Ágreiningurinn við fyrirtækið varði það hver eigi að greiða rafvirkjanum sem fundið hafi bilunina en reikningur hans sé að fjárhæð kr. 19.263 með virðisaukaskatti. Þessa fjárhæð segist seljandi muni greiða sé honum það skylt að lögum.

Í upplýsingum álitsbeiðanda frá 18. apríl sl. kemur fram að búnaður sem stjórnar afþýðingu ísskápsins hafi bilað og rafmagnið því leitt út. Rafvirkinn sem til hans hafi komið hafi sett ójardtengda snúru við skápinn og tekið fram að sú aðgerð væri á ábyrgð álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið fram á það við seljanda að hann lánaði sér ísskáp á meðan viðgerð á skápnum færi fram en seljandi hafi ekki getað látið sig fá annað

en lítinn ísskáp sem ekki hafi dugað honum. Ísskápurinn hafi verið ójarðtengdur yfir helgi en um leið og hann hafi verið jarðtengdur hafi rafmagnið slegið út. Viðgerðarmaður hafi komið frá seljanda og tekið búnaðinn úr skápnum og hafi hann verið án afþýðingar í hálfan mánuð.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum seljanda segir að álitsbeiðandi hefði á auðveldan hátt getað komist að því að útslátturinn stafaði frá ísskápnum með því að taka hann úr sambandi. Við venjulegar aðstæður væri það auðvelt þar sem skápurinn væri á fjórum hjólum en hann þekkti að vísu ekki hverjar aðstæðurnar væru hjá álitsbeiðanda. Seljandi telji að álitsbeiðanda beri sjálfum að greiða reikning rafvirkjans en Y hafi engar upplýsingar fengið um málið og hafi því ekki getað haft nein áhrif á það hvort og þá hver væri kallaður til þess að athuga hvað að var.

Í upplýsingum seljanda frá 18. apríl sl. kemur fram að skipt hafi verið um afþýðingarelement í ísskápnum og hafi Y kostað þá viðgerð og enginn ágreiningur verið um að fyrirtækinu væri það skylt. Álitsbeiðandi hefði kallað til rafvirkja á laugardegi, en Y hefði engar upplýsingar fengið um að ísskápurinn væri bilaður fyrr en á mánudegi.

V

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Kærufndin lítur svo á að óumdeilt sé samkvæmt gögnum málsins að galli hafi verið á ísskápnum í skilningi ákvæða 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 sem leitt hafi til þess að rafmagn fór af íbúð álitsbeiðanda eins og hann lýsir í álitsbeiðni. Þegar svo háttar til getur neytandi samkvæmt e-lið 26. gr. laganna, sbr. 33. gr., krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann verður fyrir vegna gallans sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndanna, sbr. 1. mgr. 52. gr. laganna.

. Samkvæmt almennum reglum og ákvæðum 1. mgr. 54. gr. laga nr. 48/2003 ber þeim sem verður fyrir tjóni vegna galla að takmarka það eftir föngum. Það er ljóst að álitsbeiðandi reyndi sjálfur að komast að því af hverju útsláttur rafmagnsins stafaði og lítur kærufndin svo á að það verði ekki virt honum til sakar þótt sú tilraun tækist ekki. Var því eðlilegt að hann kallaði til fagmann frá því fyrirtæki sem annast um rafmagn í húsinu til þess að koma rafmagninu í lag. Hér má einnig hafa í huga að þessi fagmaður breytti tengingu ísskápsins þannig að hann varð álitsbeiðanda nothæfur þar til viðgerðarmaður kom frá seljanda. Við þær aðstæður sem á staðnum voru er ekki hægt að líta svo á að álitsbeiðanda hafi verið skylt, í því skyni að takmarka tjónið, að reyna fyrst að kalla til viðgerðamann frá seljanda enda hafði hann ekki áttað sig á því þá að útslátturinn gæti stafað frá ísskápnum.

Samkvæmt framangreindum málsatvikum og 33. gr. laga nr. 48/2003, sbr. fyrri málslið 1. mgr. 52. gr. laganna, er það niðurstaða kærufndarinnar að seljanda beri að bæta álitsbeiðanda tjónið eins og krafa hans stendur til, enda falli það innan þeirra marka sem bótaskyldunni er sett í síðari málslið 1. mgr. 52. gr. laganna.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 19.263.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir